

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., gildir frá 1. janúar 1994 og tekur til innflutnings á bensíni sem tekið er til tollafgreiðslu frá og með þeim degi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. janúar 1994, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni fyrir 10. janúar 1994. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsólum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. janúar 1994.

Fjármálaráðuneytið, 21. desember 1993.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Rúnar Hannesson.

REGLUGERÐ**um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.**

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, ljósrit umsóknar ásamt umsóknargögnum sendast lyfjanefnd. Umsóknar-eyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið ártar öll eintök og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 50.000.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum lyfjaformum eða styrkleikum sérlyfja eða um skráningu nýrrar ábendingar sérlyfs skal rita nýja umsókn. Er skráningargjaldið þá kr. 25.000.

Sækja skal um viðurkenningu á hvers konar breytingum á skráðum sérlyfjum með umsókn svo og um framlengda skráningu sérlyfja, sem hafa verið skráð með nánar tilgreindum tímamörkum. Ekkert skráningargjald er fyrir slíkar umsóknir.

Framangreind skráningargjöld eru óafturkræf þótt umsókn sé synjað.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 10.000, er greiðist fyrir 1. mars ár hvert.

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

3. gr.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu árgjalds sérlyfs, ef sérstakar aðstæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

4. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu standa straum af kostnaði við starfsemi lyfjanefndar og eru lögtakskræf.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 108 14. nóvember 1984 og öðlast gildi 1. janúar 1994. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 276/1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1993.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki o.fl.

I KAFLI

Gjöld fyrir einkaleyfi.

1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra skal, auk árgjalda skv. 2. gr., greiða eftirtalin gjöld:

	Kr.
1) Umsóknargjald skv. 5. mgr. 8. gr. einkaleyfalaga (ell.) nr. 17/1991 fyrir einkaleyfisumsókn:	
a) grunnjald	27.500
b) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu	1.200
2) Endurupptökugjald skv. 3. mgr. 15. gr. eða 1. mgr. 20. gr. ell.	4.000
ef umsókn hefur áður verið endurupptekin	8.000
3) Framlagningargjald skv. 1. mgr. 20. gr. ell.:	
a) grunnjald fyrir prentun fyrstu 5 blaðsíðna lýsingar með tilheyrandi einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi	8.000
b) viðbótargjald fyrir prentun hvernar blaðsíðu sem byrjar umfram 5	500
c) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við þær sem greitt var fyrir við innlagningu umsóknar	1.200
4) Viðbótargjald fyrir umsókn sem berst með bréfasíma (faxi) eða hliðstæðum samskiptabúnaði.....	500
5) Rannsóknargjald fyrir umsókn sem lögð var inn fyrir 1. janúar 1992 og send verður í nýnæmisrannsókn skv. viðauka I í augl. ell. nr. 575/1991.....	25.000
Þegar umsækjanda er tilkynnt um framlagningu umsóknar skal jafnframt geta um upphæð framlagningargjalds. Fjöldi prentaðra síðna skv. 3. tl. 1. mgr. miðast við þá lýsingu ásamt einkaleyfiskröfum og teikningum sem fyrir liggja þegar umsóknin er samþykkt til framlagningar.	